

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

1. gr.

3. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

3. Göngusilung má veiða frá 1. apríl til 10. október ár hvert. Þó skulu lok veiðitíma göngusilungs í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, miðast við 30. september skv. 1. mgr. Þá er sérstaklega stendur á getur veiðimálastjóri með hliðsjón af umsögn rannsóknaraðila á ástandi viðkomandi fiskstofna leyft að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng, á dorg og á færi.

2. gr.

11. mgr. 23. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Í stað 2. og 3. másl. 3. mgr. 62. gr. laganna kemur nýr málslíður og orðast svo: Teljist frágangur fullnægjandi skal veiðimálastjóri gefa út rekstrarleyfi og öðlast starfsemin þar með réttindi skv. 66. gr.

4. gr.

B-, d- og f-liður 1. mgr. 92. gr. laganna orðast svo:

- b. 2% gjald af nettótekjum veiðifélaga sem sjóðurinn innheimtir af veiðifélögum eða sjálfstætt starfandi deildum veiðifélaga.
- d. 3% af heildarárstekjum vatnsaflsstöðva í landinu sem selja orku til almennings. Greitt er einu sinni á ári og er miðað við heildartekjur samkvæmt ársreikningum.
- f. 3% af heildarárstekjum vatnsaflsstöðva í landinu vegna sölu á raforku samkvæmt sér-samningum til nýrra stórnotenda. Greitt er einu sinni á ári og er miðað við heildartekjur samkvæmt ársreikningum.

5. gr.

Við 92. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

4. Gjaldldagi þessara gjalda skal vera 1. júní fyrir almanaksárið á undan. Séu gjöld þessi ekki greidd á eindaga, sem er 30 dögum eftir gjaldldaga, má innheimta þau með fjárnámi án undangengins dóms og reiknast þá dráttarvextir frá gjaldldaga.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu er annars vegar verið að lagfæra annmarka í lögnum og samræma ákvæði þeirra, einkum varðandi fiskræktar- og fiskeldismál. Hins vegar er um að ræða breytingar sem gerðar eru til að uppfylla stjórnarskrárákvæði um heimildir til töku skatta og þjónustugjalda í samræmi við lögmatísregluna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Framlenging á sjóbirtingsveiði er faglegt mál sem byggist á ástandi og gönguhegðun sjóbirtingsstofna að hausti. Afgreiðslur á undanþágu til framlengingar þurfa oft að gerast með stuttum fyrirvara og ekki tók á að leggja málið fyrir veiðimálanefnd, sem hittist með nokkurra mánaða millibili. Gert er ráð fyrir því að veiðimálastjóri leiti umsagnar hjá viðurkenndum rannsóknaraðila. Þessi uppsetning á lögnum varð til þegar umsagnarferlinu var breytt árið 1998 og veiðimálastjóri hætti að vera umsagnaraðili til ráðuneytis, sem afgreiddi undanþágu varðandi framlengingu. Umsagnarhlutverkið var þá flutt til veiðimálanefndar, sem ekki er rökrétt, þar sem hún er ekki faglegur aðili. Eðlilegra er að veiðimálastjóri sem faglegur stjórnsýsluaðili afgreiði slíkar undanþágubeiðnir á grundvelli umsagnar frá rannsóknaraðila um ástand viðkomandi fiskstofna.

Um 2. gr.

Breytingin á 11. mgr. 23. gr. laganna er til samræmis öðrum lögum. Ekki er venja að framkvæmdaraðili beri kostnað af málsmeðferð hins opinbera.

Um 3. gr.

Breytingar á 62. gr. eru leiðrétting á ambögu í lögnum sem tífunda að veiðimálastjóri skuli bæði mæla með staðfestingu rekstrarleyfis og gefa leyfið út. Fyrir breytingu laganna 1998 mælti veiðimálastjóri með staðfestingu leyfisins og landbúnaðarráðuneytið átti að gefa leyfið út. Við breytinguna láðist að fella niður meðmælaskyldu veiðimálastjóra við veitingu rekstrarleyfis.

Um 4. gr.

Með breytingu á b-lið 1. mgr. 92. gr. laganna er verið að skilgreina hvað átt er við með skírurum tekjum auk þess sem skilgreint er hverjir beri gjaldskylduna og hvaða aðilar sjái um innheimtu gjaldsins. Lagt er til að í stað orðanna „skírurum tekjum“ komi „nettótekjum“. Hér er verið að gera lagaákvæðið skýrara í samræmi við þá meginreglu að ákvæði um skattlagningu skuli vera í lögum.

Breytingin á d- og f-lið 1. mgr. 92. gr. laganna er einnig í þá átt að skilgreina betur hvaða gjaldstofn átt er við. Í lögnum stendur 3% af óskírurum tekjum. Það er ekki nægilega vel skilgreint í samræmi við þá meginreglu að ákvæði um skattlagningu skuli vera í lögum. Hér er því lagt til að í stað orðanna „af óskírurum tekjum“ komi „af heildarárstekjum“. Þá er nánar útskýrt hvernig gjaldstofninn er reiknaður út, þ.e. að hann er reiknaður af heildartekjum vatnsaflsstöðvanna miðað við ársreikninga. Með heildartekjum vatnsaflsstöðva er átt við heildartekjur þeirra að frádregnum heildartekjum gufuaflsstöðva miðað við ársreikninga. F-liður 1. mgr. 92. gr. er óbreyttur í frumvarpinu nema að því leyti að gjaldið er betur skilgreint og hver eigi að greiða það. Hinn 3. júní 1998 tóku gildi breytingar á lögum um lax- og silungsveiði. Þá voru sett inn í lög ákvæði sem tóku til sölu vatnsaflsstöðvanna á raforku til

nýrra stórnotenda. Lagt er til að það ákvæði haldist óbreytt. Í núgildandi lögum greiða vatns-afslstöðvarnar 3% af heildartekjum sínum að frádregnum tekjum vegna gufuafslstöðvanna vegna sölu á raforku til nýrra stórnotenda, þ.e. þeirra lögaðila sem teljast stórnotendur eftir 3. júní árið 1998. Sams konar breytingar eru gerðar á f-lið 1. mgr. 92. gr. og gerðar eru á d-lið. Einu breytingarnar á d- og f-lið 1. mgr. 92. gr. eru þær að nánar er gerð grein fyrir greiðanda og gjaldstofni í samræmi við lögmætisregluna.

Um 5. gr.

Með 4. mgr. 92. gr. laganna er kveðið á um þau úrræði sem Fiskræktarsjóður hefur borgi aðilar ekki það gjald sem lögákveðið er. Er hér sett inn aðfararheimild til innheimtu án undangengins dóms. Mjög mikilvægt er að Fiskræktarsjóður hafi skýrar heimildir til innheimtu gjaldanna séu þau ekki greidd á réttum tíma.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að lagfæra annmarka í lögnum og að uppfylla stjórnarskrár-ákvæði um heimildir til töku skatta og þjónustugjalda í samræmi við lögmætisreglu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.